

## 7. gr.

Formaður boðar til stjórnarfundar. Honum er skylt að halda stjórnarfund er a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarfundur er ályktunarfær er formaður og tveir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sækja fundinn, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

## 8. gr.

Reikningsár Íslensku óperunnar er frá 1. júlí ár hvert til 30. júní næsta árs og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun reikninga fyrir lok septembermánaðar ár hvert, en endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Styrktarfélags Íslensku óperunnar, sbr. 7. gr. skipulagsskrár Styrktarfélagsins. Endurskoðun annast endurskoðendur Styrktarfélags Íslensku óperunnar.

## 9. gr.

Leggist starfsemi Íslensku óperunnar af einhverjum ástæðum niður, enda hætti Styrktarfélag Íslensku óperunnar að starfa, skulu eignir hennar varðveittar á vegum Reykjavíkurborgar uns komið hefur verið á fót að nýju sambærilegri eða svipaðri starfsemi, en þá má verja eignunum til styrktar henni.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað þeirrar sem samþykkt var á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku óperunnar hinn 3. október 1980 og breytt var á aðalfundum Styrktarfélagsins 1985 og 1987.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1989.*

F.h.r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Íslensku óperunnar  
(félag áhugafóks um óperu- og óperettuflutning).**

## 1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag Íslensku óperunnar og sjóðurinn Styrktarsjóður Íslensku óperunnar. Hvort tveggja með heimili og varnarþing í Reykjavík.

## 2. gr.

Peir einstaklingar, stofnanir og félög, sem veita Íslensku óperunni árlegan stuðning með fjárframlögum, mynda félagsskap til eflingar starfsemi Íslensku óperunnar, er heitir Styrktarfélag Íslensku óperunnar.

Félagið er opið öllu áhugafólki um óperu- og óperettuflutning, sbr. þó 5. gr. 1. mgr.

## 3. gr.

Af fjárframlögum styrktarfélaga skal mynda sérstakan sjóð er nefnist Styrktarsjóður Íslensku óperunnar. Sjóðurinn er eign Íslensku óperunnar. Stjórn Íslensku óperunnar skal hafa stjórn sjóðsins með hendi og ráðstafa sjóðnum eftir þörfum Íslensku óperunnar hverju sinni og í þágu hennar. Sjóðinn skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum, verðtrygðum ríkisskuldabréfum eða fasteignum.

## 4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja reikningum Íslensku óperunnar og vera háðir sömu ákvæðum og þeir um reikningshald og endurskoðun.

## 5. gr.

Umsókn um þátttöku í Styrktarfélagi Íslensku óperunnar skal senda stjórn Styrktarélagsins mánuði fyrir aðalfund þess.

Félag eða stofnun sem styrkir Íslensku óperuna með árlegum fjárframlögum (sbr. 2. gr.) telst einn félagi í Styrktarfélaginu og hefur rétt til eins fulltrúa á fundum þess. Ef fulltrúi frá félagi eða stofnun er einnig persónulegur styrktarfélagi hefur hann þó ekki nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

## 6. gr.

Aðalfundur hefur ædsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Til hans skal boðað með auglýsingu í blöðum eða á annan tryggilegan hátt, með viku fyrirvara hið skemmsta, og er hann þá lögmætur.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum félagsins.

## 7. gr.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- a) stjórn Íslensku óperunnar gerir grein fyrir störfum Óperunnar á liðnu starfsári,
- b) stjórn Styrktarfélagsins gerir grein fyrir störfum félagsins á liðnu starfsári,
- c) lagðir fram endurskoðaðir reikningar Íslensku óperunnar og félagsins fyrir liðið ár, en reikningsár Íslensku óperunnar og félagsins er frá 1. júlí ár hvert til 30. júní næsta árs,
- d) kosning stjórnar Íslensku óperunnar og varastjórnar,
- e) kosning stjórnar Styrktarfélagsins og varastjórnar,
- f) kosning tveggja endurskoðenda og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi og einn til vara,
- g) ákveðin upphæð árgjalds til Styrktarfélagsins, svo og hver hluti þess rennur til Styrktarsjóðs Íslensku óperunnar, sbr. 3. gr.,
- h) önnur mál.

## 8. gr.

Skipulagsskrá félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og skal leita staðfestingar forseta Íslands á þeirri breytingu. Í fundarboði skal þess sérstaklega getið að tillaga til breytinga á skipulagsskrá verði tekin til meðferðar á fundinum og skal efni hennar lýst. Nái tillaga til breytinga á skipulagsskrá samþykki meirihluta fundarmanna, fær hún gildi.

## 9. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og 3 til vara.

Formaður skal kjörinn sérstaklega til eins árs í senn.

Meðstjórnendur skulu kjörnir til tveggja ára í senn, tveir ár hvert.

Í varastjórn skulu kjörnir 3 menn til eins árs.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, kys sér varaformann, gjaldkera og ritara.

## 10. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins milli aðalfunda.

Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess og skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess.

Til meiriháttar ákvarðanatöku, svo sem kaupa eða sölu fasteigna, skal þó ávallt boðað til félagsfundar og skal til hans boðað á sama hátt og til aðalfundar og ræður afl atkvæða úrslitum á slíkum fundi.

Skýlt er að boða til félagsfundar að kröfu stjórnar Íslensku óperunnar.

## 11. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Honum er skýlt að halda stjórnarfund, er a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef formaður og tveir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sækja fundinn, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## 13. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað þeirrar sem samþykkt var á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku óperunnar hinn 3. október 1980 og breytt var á aðalfundum Styrktarfélagsins 1985 og 1987.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1989.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Jón Thors.

Nr. 97

## REGLUGERÐ

3. mars 1989

### um hækkun bóta almannatrygginga.

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. mars 1989 að telja um 1,25% frá því, sem þær eru hinn 28. febrúar 1989.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. mars 1989.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

Ingimar Sigurðsson.